

29. mars 2022

Björn Helgi Barkarson



Landsáætlun í skógrækt

Í ljósi stjórnsýslunnar

Ný löggjöf um skóga og skógrækt 2019

Ný markmið s.s.:

- Verndun og aukin útbreiðsla náttúruskóga og uppbygging skógarauðlindar

Landsáætlun til að móta stefnu til 10 ára

- Landshlutaáætlanir til að útfæra hana eftir aðstæðum

Reglugerðarákvæði


- Samstarf um skógrækt (stuðningur)
- Skógaskrá (Íslensk skógarúttekt)
- Þjóðskógar
- Skógrækt á lögbýlum
- Sjálfbærni nýtingar (grisjun etc.)

Landsáætlun í skógrækt

- Stefna og framtíðarsýn stjórnvalda til næstu 10 ára – endurskoðuð og gefin út á fimm ára fresti
- Áætlun skal taka mið af markmiðum laganna, auk þess er sérstaklega tekið fram
 - hverju skal gera grein fyrir í áætlununum
 - hverjar áherslur ráðherra eru (erindisbréf)
- Verkefnisstjórnir skila **tillögum** til ráðherra og ráðherra skal **samræma** áætlanirnar
- Áður en áætlanirnar taka gildi skulu þær kynntar þeirri nefnd Alþingis sem fer með málefni landgræðslu og skógræktar

- Verkefnisstjórn skipuð í júní 2019 og skilaði tillögum sínum eftir áramót 2021/2022
- Minnihlutaálit barst vegna landsáætlunar í skógrækt

Stefnumhverfið





Stefnumið og áherslur matvælaráðuneytis (MAR)

- efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar
- efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum
- stuðla að sjálfbærri landnýtingu
- efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu
- stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

Áherslur og markmið

1. Efla vernd, viðgang og heilleika vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar

- Vernda og efla skóga og skógarleifar sem fyrir eru, í þágu líffræðilegrar fjölbreytni og viðhalds kolefnisforða.
- Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi.
- Skógar stuðli að aukinni líffræðilegri fjölbreytni og góðri stöðu annarra umhverfisþátta.

2. Efla náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum

- Grunnur verði lagður að árlegri bindingu 500.000 tonna CO₂-ígilda fyrir árið 2040, umfram það sem var árið 2020, sem þýðir að stofna þurfi til skógar á um 60.000 ha lands (0,6% landsins) á næstu 20 árum, eða á um 3.000 ha árlega.
- Skógar verði aðlagðir þeim loftslagsbreytingum sem óhjákvæmilegt er að verði. Þeir verði heilbrigðir og hafi aðlögunarhæfni og þanþol til að mæta áföllum.

3. Stuðla að sjálfbærri landnýtingu

- Sjálfbær nýting skóga

4. Efla þekkingu, samstarf og lýðheilsu

- Efla skal hlutverk skóga í að stuðla að útivist almennings, bættri lýðheilsu og þátttöku í félagsstarfi.
- Allir skógar verði almennt opnir almenningi til útivistar.
- Skógrækt verði í sátt við og studd af sveitarfélögum landsins, fyrirtækjum, félögum og almenningi.

5. Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um allt land

- Árið 2030 vaxi skógur til nytja (viðar og annarra afurða) á um 55.000 ha lands eða 0,55% landsins (þ.e.a.s. 40.000 ha núverandi nytjaskógar auk 15.000 ha aukalega næstu 10 árin).
- Úrvinnsla og sala innlendra skógarafurða aukist. Brúttósala nemi minnst kr. 200 milljónum árið 2025.



Næstu skref

- Samræma tillögur að áætlunum um skógrækt og landgræðslu
- Móta heildstæða áætlun ráðherra
- Læra af ferlinu
- Kynna fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis – maí
- Gefa út í júní